

AUGLÝSING

um samning við Liechtenstein og Noreg um framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-réttarreglnanna og viðmiðanir og fyrirkomulag um beiðni um hæli.

Samningur milli lýðveldisins Íslands, Furstadæmisins Liechtenstein og Konungsríkisins Noregs um framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-réttarreglnanna og um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem er lögð fram í Liechtenstein, á Íslandi eða í Noregi, sem gerður var í Brussel 25. mars 2010, öðlaðist gildi 1. nóvember 2011.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 26. ágúst 2022.

F. h. r.

Martin Eyjólfsson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
milli
Furstadæmisins Liechtenstein
Lýðveldisins Íslands
og Konungsríkisins Noregs
um framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-réttarreglnanna og
um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara
með beiðni um hæli sem lögð er fram í Liechtenstein, á Íslandi eða í Noregi.

FURSTADÆMIÐ LIECHTENSTEIN

og

LÝÐVELDIÐ ÍSLAND

og

KONUNGRÍKIÐ NOREGUR

hér á eftir nefnd „samningsaðilar“

hafa hugfast að samskipti milli Furstadæmisins Liechtenstein, lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs hafa verið framúrskarandi á fjölmörgum sviðum, einkum sameiginleg þátttaka þeirra í Evrópska efnahagssvæðinu;

hafa hug á að styrkja og þróa þessi samskipti enn frekar, einkum á sviði lögreglusamvinnu og dómsmálasamstarfs, stefnu í vegabréfsáritunarmálum og varðandi hælisveitingar;

hafa í huga, annars vegar, samningana milli lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs og Evrópusambandsins og Evrópubandalagsins um framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna og um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í aðildarríki eða á Íslandi eða í Noregi og, hins vegar, bókanir milli Furstadæmisins Liechtenstein og Evrópusambandsins, Evrópubandalagsins og Ríkjasambandsins Sviss um sömu málefni;

hafa í huga samning milli Ríkjasambandsins Sviss, lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs um framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna og viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í Sviss, á Íslandi eða í Noregi;

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTT UM EFTIRFARANDI:

1. gr.

Í samskiptum Furstadæmisins Liechtenstein, lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs skulu lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur hafa þau réttindi og skyldur sem leiðir af samþykkt þeirra á efni ákvæða Schengen-gerðanna og þróun þeirra á grundvelli samningsins frá 18. maí 1999 sem ráð Evrópusambandsins og þessi tvö ríki gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, og Furstadæmið Liechtenstein hafa þau réttindi og skyldur sem leiðir af samþykkt þess á efni ákvæða Schengen-réttarreglnanna og þróun þeirra á grundvelli bókunar frá 28. febrúar 2008 milli Evrópusambandsins, Evrópubandalagsins, Ríkjasambandsins Sviss og Furstadæmisins Liechtenstein um aðild Furstadæmisins Liechtenstein að samningnum milli Evrópusambandsins, Evrópubandalagsins og Ríkjasambandsins Sviss um þátttöku Ríkjasambandsins Sviss í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-réttarreglnanna, að svo miklu leyti sem þessi ríki hafa sömu réttindi og skyldur í samskiptum sínum við Evrópusambandið og Evrópubandalagið.

2. gr.

Í samskiptum Furstadæmisins Liechtenstein, Lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs skulu Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur hafa þau réttindi og skyldur sem leiðir af samþykkt þeirra á efni ákvæða Dyflinnar-/Eurodac-réttarreglnanna og þróun þeirra á grundvelli samningsins frá 19. janúar 2001, sem Evrópubandalagið og þessi tvö ríki gerðu með sér um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í aðildarríki eða á Íslandi og í Noregi, og Furstadæmið Liechtenstein hafa þau réttindi og skyldur sem leiðir af samþykkt þess á efni ákvæða Dyflinnar-/Eurodac-réttarreglnanna og þróun þeirra á grundvelli Bókunarinnar frá 28. febrúar 2008 milli Evrópubandalagsins, Ríkjasambandsins Sviss og Furstadæmisins Liechtenstein um aðild Furstadæmisins Liechtenstein að samningnum milli Evrópubandalagsins og Ríkjasambandsins um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í aðildarríki eða Sviss, að svo miklu leyti sem þessi ríki hafa sömu réttindi og skyldur í samskiptum sínum við Evrópubandalagið.

3. gr.

1. Samningur þessi fellur úr gildi, að því er varðar framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-réttarreglnanna, sama dag og samsvarandi Bókun milli Furstadæmisins Liechtenstein, Evrópusambandsins, Evrópubandalagsins og Ríkjasambandsins Sviss fellur úr gildi. Samningur þessi fellur úr gildi, að því er varðar framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-réttarreglnanna, sama dag og samsvarandi samningur milli ráðs Evrópusambandsins, annars vegar, og Lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs, hins vegar, fellur úr gildi. Ef síðastnefndi samningurinn fellur einungis úr gildi gagnvart öðru þessara tveggja ríkja skal þessi samningur einungis falla úr gildi gagnvart því ríki.
2. Samningur þessi fellur úr gildi, að því er varðar viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í Furstadæminu Liechtenstein, á Íslandi eða í Noregi, sama dag og samsvarandi Bókun milli Furstadæmisins Liechtenstein, Evrópubandalagsins og Ríkjasambandsins Sviss fellur úr gildi. Samningur þessi fellur úr gildi, að því er varðar viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í Furstadæminu Liechtenstein, á Íslandi eða í Noregi, sama dag og samsvarandi samningur milli Evrópubandalagsins, annars vegar, og Lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs, hins vegar, fellur úr gildi. Ef síðastnefndi samningurinn fellur einungis úr gildi gagnvart öðru þessara tveggja ríkja skal þessi samningur einungis falla úr gildi gagnvart því ríki.

4. gr.

1. Samningsaðilarnir skulu tilkynna hverjir öðrum um það skriflega þegar lagaskilyrðum þeirra fyrir gildistöku þessa samnings hefur verið fullnægt. Samningurinn öðlast gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir dagsetningu síðustu tilkynningarinnar.
2. Samningur þessi skal koma til framkvæmda, að því er varðar framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-réttarreglnanna, sama dag og samsvarandi Bókun milli Furstadæmisins Liechtenstein, Evrópusambandsins, Evrópubandalagsins og Ríkjasambandsins Sviss, kemur til framkvæmda. Það getur í fyrsta lagi orðið á gildistöku daginn sem um getur í 1. mgr.
3. Samningur þessi kemur til framkvæmda, að því er varðar viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í Furstadæminu Liechtenstein, á Íslandi eða í Noregi, sama dag og samsvarandi Bókun milli Furstadæmisins Liechtenstein, Evrópubandalagsins og Ríkjasambandsins Sviss kemur til framkvæmda. Það getur í fyrsta lagi orðið á gildistöku daginn sem um getur í 1. mgr.

Gjört í Brussel 25. mars 2010 í þremur fullgiltum eintökum á ensku.

AGREEMENT
between
the Principality of Liechtenstein, the Republic of Iceland
and the Kingdom of Norway
concerning
the implementation, application and development of the Schengen *acquis*
and
the criteria and mechanisms for establishing the State responsible
for examining a request for asylum lodged in Liechtenstein, Iceland or Norway

THE PRINCIPALITY OF LIECHTENSTEIN

and

THE REPUBLIC OF ICELAND

and

THE KINGDOM OF NORWAY

Hereafter referred to as "the Contracting Parties"

Recalling the spirit of excellent relations between the Principality of Liechtenstein, the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway in the broadest range of areas, in particular the common participation in the European Economic Area;

Considering the wish to further strengthen and develop these relations, especially in the areas of police and judicial cooperation, visa and asylum policy;

Considering the Agreements between the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway with the European Union and the European Community concerning the implementation, application and development of the Schengen *acquis* and concerning the criteria and mechanisms for establishing the State responsible for examining a request for asylum lodged in a Member State or in Iceland or Norway on the one hand, and the Protocols between the Principality of Liechtenstein, the European Union, the European Community and the Swiss Confederation on the same subjects on the other hand;

Considering the Agreement between the Swiss Confederation, the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway concerning the implementation, application and development of the Schengen *acquis* and concerning the criteria and mechanisms for establishing the State responsible for examining a request for asylum lodged in Switzerland, Iceland or Norway;

HAVE AGREED AS FOLLOWS:

Article 1

The rights and obligations of the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway resulting from their acceptance of the content of the provisions of the Schengen *acquis* and its development by virtue of the Agreement of 18 May 1999, concluded by the Council of the European Union and those two States concerning their association with the implementation, application and development of the Schengen *acquis*, and the rights and obligations of the Principality of Liechtenstein resulting from its acceptance of the content of the provisions of the Schengen *acquis* and its development by virtue of the Protocol of 28 February 2008 between the European Union, the European Community, the Swiss Confederation and the Principality of Liechtenstein on the accession of the Principality of Liechtenstein to the Agreement between the European Union, the European Community and the Swiss Confederation on the Swiss Confederation's association with the implementation, application and development of the Schengen *acquis*, shall apply in the relations between the Principality of Liechtenstein, the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway, as far as those States are bound

by the same rights and obligations in their relation with the European Union and the European Community.

Article 2

The rights and obligations of the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway resulting from their acceptance of the content of the provisions of the Dublin/Eurodac *acquis* and its development by virtue of the Agreement of 19 January 2001 concluded by the European Community and those two States concerning the criteria and mechanisms for establishing the State responsible for examining a request for asylum lodged in a Member State or in Iceland and Norway, and the rights and obligations of the Principality of Liechtenstein resulting from its acceptance of the content of the provisions of the Dublin/Eurodac *acquis* and its development by virtue of the Protocol of 28 February 2008 between the European Community, the Swiss Confederation and the Principality of Liechtenstein on the accession of the Principality of Liechtenstein to the Agreement between the European Community and the Swiss Confederation concerning the criteria and mechanisms for establishing the State responsible for examining a request for asylum lodged in a Member State or in Switzerland, shall apply in the relations between the Principality of Liechtenstein, the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway, as far as those States are bound by the same rights and obligations in their relation with the European Community.

Article 3

1. With respect to the implementation, application and development of the Schengen *acquis*, this Agreement shall cease to apply on the same day as the equivalent Protocol between the Principality of Liechtenstein, the European Union, the European Community and the Swiss Confederation ceases to apply.

With respect to the implementation, application and development of the Schengen *acquis*, this Agreement shall cease to apply on the same day as the equivalent Agreement concluded by the Council of the European Union on the one hand, and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway on the other hand, ceases to apply. In case that the last-mentioned Agreement ceases to apply to only one of the two aforementioned States, this Agreement shall cease to apply to only that State.

2. With respect to the criteria and mechanisms for establishing the State responsible for examining a request for asylum lodged in Liechtenstein, Iceland or Norway, this Agreement shall cease to apply on the same day as the equivalent Protocol between the Principality of Liechtenstein, the European Community and the Swiss Confederation ceases to apply.

With respect to the criteria and mechanisms for establishing the State responsible for examining a request for asylum lodged in Liechtenstein, Iceland or Norway, this Agreement shall cease to apply on the same day as the equivalent Agreement between the European Community on the one hand, and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway on the other hand ceases to apply. In case that the last-mentioned Agreement ceases to apply to only one of the two aforementioned States, this Agreement shall cease to apply to only that State.

Article 4

1. The Contracting Parties shall notify each other in writing that their legal requirements for the entry into force of this Agreement have been fulfilled. The Agreement shall enter into force on the first day of the second month following the date of the last notification.
2. With respect to the implementation, application and development of the Schengen *acquis*, this Agreement shall be put into effect on the same day as the equivalent Protocol between the Principality of Liechtenstein, the European Union, the European Community and the Swiss Confederation is put into effect. Such date may at the earliest be the date of entry into force referred to in paragraph 1.
3. With respect to the criteria and mechanisms for establishing the State responsible for examining a request for asylum lodged Liechtenstein, Iceland or Norway, this Agreement shall be put into effect on the same day as the equivalent Protocol between the Principality of Liechtenstein, the

Nr. 25

26. ágúst 2022

European Community and the Swiss Confederation is put into effect. Such date may at the earliest be the date of entry into force referred to in paragraph 1.

Done in Brussels on the 25 March 2010, in three authentic copies in the English language.

C-deild – Útgáfudagur: 20. febrúar 2023